

Knattspyrnudeild KR
Ársreikningur
2018

Knattspyrnudeild KR
Frostaþjóni 2
107 Reykjavík

Kt. 591184-0169

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Fylgiskjal með ársreikningi: Áætlun ársins 2019	

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Knattspyrnudeildar KR er rekstur meistaraflokka og yngri flokka KR í knattspyrnu, kaup og sala leikmanna, auglýsinga- og kynningarstarf, minjagripasala, sjónvarpsstarfsemi og ýmislegt annað sem tengist rekstri knattspyrnudeildar. Markmið félagsins er að búa til hæfileikaríkt knattspyrnufólk fyrir meistaraflokka félagsins í karla- og kvennaflokki.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2018 að fjárhæð 1,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Rekstrartekjur á árinu 2018 námu 266,8 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 1,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórnin leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs en vísað er til ársreikningsins varðandi aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2018 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar KR hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 20. febrúar 2019.



Kristinn J. Magnússon
Sigríður D. D.
Magnús Þorlákur Sigurðsson
Katrín M.

Framkvæmdastjóri:



Jóhanna Kristínsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Knattspyrnudeild KR

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar KR fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsteymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda* á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.



Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 20. febrúar 2019.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	Raun 2018	Áætlun 2018	Raun 2017
Rekstrartekjur				
Miðasala		12.803.980	11.000.000	14.344.980
Auglýsingar og samstarfsaðilar		79.325.751	66.500.000	98.708.836
Útsendingarréttur		12.787.084	12.000.000	12.070.417
Félagaskipti		37.459.785	5.500.000	10.205.000
Söluvarningur og veitingar		8.050.862	10.000.000	9.235.783
Aðrar rekstrartekjur	7	116.345.536	123.556.000	120.419.066
		<u>266.772.998</u>	<u>228.556.000</u>	<u>264.984.082</u>
Rekstrargjöld				
Vörunotkun		8.516.161	9.600.000	10.623.694
Laun og launatengd gjöld	8	129.510.463	121.750.000	121.102.488
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		8.499.607	7.370.000	8.277.878
Annar rekstrarkostnaður	9	118.396.517	86.311.000	123.657.773
Afskriftir og niðurfærsla	11	1.263.389	550.000	1.490.519
		<u>266.186.137</u>	<u>225.581.000</u>	<u>265.152.352</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		586.861	2.975.000 (168.270)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, gengismunur		309.664	40.000	2.717.297
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	2	(2.678.284)	(2.445.000)	(2.103.184)
		<u>(2.368.620)</u>	<u>(2.405.000)</u>	<u>614.113</u>
(Tap) hagnaður ársins	13	<u>(1.781.759)</u>	<u>570.000</u>	<u>445.843</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir			
			Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir					
Leikmannasamningar	3,10			4.633.334	5.233.333
Rekstrarfjármunir	4,11			4.752.425	5.315.815
Eignarhlutir í félögum	5,12			1.750.000	1.750.000
		Fastafjármunir samtals		<u>11.135.759</u>	<u>12.299.148</u>
Veltufjármunir					
Birgðir				585.276	1.007.033
Kröfur á tengda aðila				124.878	605.690
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur				66.518.825	10.261.158
Handbært fé	6			315.472	13.005.181
		Veltufjármunir samtals		<u>67.544.451</u>	<u>24.879.062</u>
		Eignir samtals		<u>78.680.210</u>	<u>37.178.210</u>
Eigið fé					
Endurmatsreikningur				2.495.834	1.995.834
(Ójafnað) óráðstafað eigið fé				(1.366.998)	414.761
		Eigið fé samtals	13	<u>1.128.836</u>	<u>2.410.595</u>
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir				29.681.085	0
Aðalstjórn KR				12.400.258	7.652.801
Skuldir við tengda aðila				4.942.434	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir				30.527.597	27.114.814
		Skuldir samtals		<u>77.551.374</u>	<u>34.767.615</u>
		Eigið fé og skuldir samtals		<u>78.680.210</u>	<u>37.178.210</u>
Veðsetningar og ábyrgðir	14				

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	(1.781.759)	445.843
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður leikmanna	(37.459.785)	(10.205.000)
Afskriftir og niðurfærsla		1.263.389	1.490.519
Hrein fjármagnsgjöld (fjármunatekjur)		2.368.620	(614.113)
	(35.609.535)	(8.882.751)
Skammtímakröfur, breyting	(55.355.098)	17.504.999
Skammtímaskuldir, breyting		3.412.783	6.907.388
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(51.942.315)	24.412.387
Innborgaðar vaxtatekjur		309.664	2.717.297
Greiddir vextir	(2.678.284)	(2.103.184)
Handbært fé (til) frá rekstri	(89.920.470)	16.143.749
Fjárfestingarhreyfingar			
Söluverð leikmanna	10	37.859.785	10.505.000
Kaupverð leikmanna	10	0	(804.166)
Fjárfestingarhreyfingar		37.859.785	9.700.834
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar, breyting		9.689.891	6.788.424
Skammtímalán, breyting		29.681.085	(20.728.486)
Fjármögnunarhreyfingar		39.370.976	(13.940.062)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(12.689.709)	11.904.521
Handbært fé í ársbyrjun		13.005.181	1.100.660
Handbært fé í árslok	6	315.472	13.005.181

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Óefnislegar eignir

Félagið eignfærir leikmannasamninga sína í samræmi við reglur og staðla KSÍ. Endurmat samninga er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár sbr. skýr. nr. 10.

4. Rekstrarfjármunir

Fasteignir eru eignfærðar á fasteignamati. Aðrir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

5. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kaupverði.

6. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

7. Aðrar rekstrartekjur

	2018	2017
Evrópukeppni UEFA	30.320.241	50.961.804
Samningsgreiðslur, framlög sveitarfélaga	17.120.000	16.152.000
UEFA aðrar greiðslur	0	1.050.420
UEFA framlag til barna og unglिंगastarfs	5.369.150	4.994.356
Styrkir og framlög	8.345.441	0
Æfingagjöld yngri flokka	41.994.242	38.487.452
Áhugamanna og unglिंगakeppnir	5.703.425	1.748.541
Verðlaunafé	737.500	1.300.000
Aðrar tekjur	6.755.537	5.724.493
Samtals aðrar rekstrartekjur	<u>116.345.536</u>	<u>120.419.066</u>

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	15.943.801	11.504.857
Launatengd gjöld	2.759.740	1.830.048
Verktakalaun	110.806.922	107.767.583
Samtals laun og launatengd gjöld	<u>129.510.463</u>	<u>121.102.488</u>
Stöðugildi að meðaltali	4	4

Skýringar, frh.:

9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2018	2017
Ferðakostnaður, æfingabúðir og hótélkostnaður	5.295.334	20.323.426
Annað vegna kappleikja	4.223.861	5.269.259
Félagaskipti leikmanna	3.982.700	54.000
Greiðslur til umboðsmanna	1.299.268	1.395.785
Annað s.s. kostnaður v/ erl. leikmanna	12.594.092	10.148.483
Kostnaður vegna áhugamanna- og unglíngakeppna	29.825.395	24.471.929
Auglýsingar	744.831	1.727.212
Leigugjöld	17.120.000	16.152.000
Rekstur bifreiða	9.151.267	8.430.657
Annar kostnaður	34.159.769	35.685.022
Samtals annar rekstrarkostnaður	118.396.517	123.657.773

10. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:

Kostnaðarverð 1.1.	3.237.499	3.433.333
Keyptir leikmenn á árinu	0	804.166
Seldir leikmenn á árinu	(400.000)	(300.000)
Afskiftir á árinu	(699.999)	(700.000)
Kostnaðarverð 31.12	2.137.500	3.237.499
Endurmat 1.1.	1.995.834	2.000.000
Matshækkun leikmanna á árinu skv. KSÍ staðli, fært á endurmat	500.000	(4.166)
Endurmat 31.12	2.495.834	1.995.834
Bókfært verð 31.12	4.633.334	5.233.333

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1. 2018.....	12.900.000	1.516.776	14.416.776
Afskrifað áður	(7.902.276)	(1.198.685)	(9.100.961)
Bókfært verð 1.1.2018.....	4.997.724	318.091	5.315.815
Afskrifað á árinu	(499.772)	(63.618)	(563.390)
Bókfært verð 31.12.2018.....	4.497.952	254.473	4.752.425
Heildarverð 31.12.2018.....	12.900.000	1.516.776	14.416.776
Afskrifað samtals 31.12.2018.....	(8.402.048)	(1.198.685)	(9.600.733)
Bókfært verð 31.12.2018.....	4.497.952	318.091	4.816.043
Afskriftahlutföll.....	10%	20%	
		2018	2017
Afskriftir óefnislegar eignir samkvæmt skýringu 10		699.999	700.000
Afskriftir rekstrarfjármuna samkvæmt skýringu 11		563.390	790.519
Afskriftir og niðurfærsla í rekstrarreikningi alls		1.263.389	1.490.519

Skýringar, frh.:

12. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
KR-flugeldar ehf.	500.000	500.000
KR-Sport hf.	1.250.000	1.250.000
	<u>1.750.000</u>	<u>1.750.000</u>

13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	1.995.834	414.761	2.410.595
Matsbreyting leikmanna	500.000		500.000
Hagnaður ársins		(1.781.759)	(1.781.759)
Eigið fé 31.12.2018	<u>2.495.834</u>	<u>(1.366.998)</u>	<u>1.128.836</u>

Rekstraráætlun ársins 2019

	Áætlun 2019
Rekstrartekjur	
Miðasala	11.000.000
Auglýsingar og samstarfsaðilar	76.998.000
Útsendingarréttur	13.000.000
Félagaskipti	1.000.000
Söluvarningur og veitingar	9.250.000
Aðrar rekstrartekjur	124.300.000
	<u>235.548.000</u>
Rekstrargjöld	
Vörunotkun	7.850.000
Laun og launatengd gjöld	119.155.500
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7.500.000
Annar rekstrarkostnaður	95.917.500
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	550.000
	<u>230.973.000</u>
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	4.575.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	
Vaxtatekjur, gengismunur	40.000
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(3.685.000)
	<u>(3.645.000)</u>
Hagnaður ársins	<u><u>930.000</u></u>
